

Þriðjudaginn 7. nóvember 1995.

Nr. 363/1995.

Ákærvaldið

gegn

David Kuprava

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember sl. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 22. nóvember 1995.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 3. nóvember 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag krafist þess, að David Kuprava, f. 23. 8. 1964, frá Georgíu, gæsluvarðhaldsfangi í Síðumúlafangelsi, verði með úrskurði gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds allt til miðvikudagsins 22. nóvember 1995 kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að tvær konur hafa kært David Kuprava og landa hans, Malkhaz Nanava, fyrir nauðgun. Segja þær, að þeim hafi verið nauðgað um borð í b/v Atlantic Princess aðfaranótt 16. júní sl., er þær höfðu farið þar um borð í leit að áfengi. Skipverjar hefðu gefið þeim áfengi og þær liðið út af. Kærandi X hélt, að tveir hefðu haft við sig samfarir, og kærandi Y sagði, að tveir hefðu nauðgað sér. Kærendur hafa takmarkað borið kennsl á þá, sem þær bera sökum.

Þær voru fluttar á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans, þar sem þær gengu undir réttarlæknisfræðilega skoðun. Voru lífsýni og klæðnaður þeirra ásamt blóðsýnum úr 16 skipverjum b/v Atlantic Princess tekin til DNA-rannsóknar. Bráðabirgðaniðurstaða Rettsmedicinske Institutt í Osló var, að ákærði hefði haft samfarir við annan kæranda. Staðfesti lokaniðurstaða DNA-rannsóknarinnar það.

Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi staðfastlega neitað að hafa haft samfarir við annan hvorn kæranda.

Ákærði var vistaður í gæsluvarðhald með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 5. ágúst 1995 til 30. ágúst 1995. Með úrskurði 31. ágúst sl. var gæsluvarðhaldsvist ákærða framlengd til 4. október 1995. Þeim úrskurði var skotið til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 6. september 1995. Enn var gæsluvarðhald ákærða framlengt til 3. nóvember 1995 með úrskurði, upp kveðnum 4. október 1995.

Með ákæru 30. ágúst 1995 höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur ákærða og Malkhaz Nanava fyrir brot á 194. gr., en til vara á 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. og 4. gr. laga nr. 40/1992. Málið var þingfest 13. september 1995. Ákærðu neituðu allri sök. Meðferð málsins var frestað, meðan beðið var endanlegrar niðurstöðu DNA-rannsóknar. Málið var dómtekið 26. október sl., og er því dóms að vænta innan skamms.

Krafa rannsóknarlögreglu um framlengingu gæsluvarðhalds er reist á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Með dómi Hæstaréttar Íslands 6. september 1995 var staðfest, að ákvæði 2. mgr. 103. gr. oml. ættu við í máli þessu, þ. e., að sterkur grunur væri um, að ákærði hefði framið brot, sem varðað gæti tíu ára fangelsi, enda brot þess eðlis, að ætla mætti, að varðhald væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Niðurstaða DNA-rannsóknarinnar fellir það sterkan grun á ákærða, að hann hafi framið það brot, er í ákæru greinir, en viðurlög við slíku broti geta varðað allt að sextán ára eða ævilöngu fangelsi. Ákærða verður því gert að sæta framlengdu gæsluvarðhaldi til föstudagsins 17. nóvember nk. kl. 16.00, en þann dag verður dómur skv. 2. mgr. 133. gr. oml. í síðasta lagi kveðinn upp.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, David Kuprava, sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 17. nóvember 1995 kl. 16.00.